



## EFNI:

Heilsa og líðan Íslendinga 2012	bls. 1
Starfsleyfi heilbrigðisstétta 2013	bls. 2

## Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

## Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

## EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## HEILSA OG LÍÐAN ÍSLENDINGA 2012


Í febrúar 2014 kemur út framkvæmdaskýrsla rannsóknarinnar *Heilsa og líðan Íslendinga 2012*. [Rannsóknin](#) er framhaldsrannsókn sem tekur til fjölmargra heilsufarstengdra þátta en hún hafði verið framkvæmd í tvígang (2007 og 2009) áður en þriðja umferð gagnasöfnunar hófst síðla árs 2012. Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um heilsu, líðan, lífsgæði og sjúkdóma fólks á Íslandi og helstu áhrifaþætti heilbrigðis, þ.e. lífshætti, aðstæður og lífsskilyrði. Embætti landlæknis hafði veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd rannsóknarinnar en samstarfsaðilar voru Landspítalinn, Krabbameinsfélagið, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík og Vinnueftirlitið. Ásamt framkvæmdaskýrslunni verða birtir viðaukar sem innihalda m.a. lýsandi tölfræði sem veitir yfirlit yfir stöðu ýmissa heilsufarstengdra þátta meðal Íslendinga.

Undanfarið ár hafa starfsmenn Embættis landlæknis unnið að því að koma gögnum rannsóknarinnar á úrvinnsluhæft form. Þannig voru gögn þeirra sem svöruðu spurningalistaum skönnuð inn, lesið var í óljós svör og gögnum fyrri ára spyrð við þau nýju. Rannsóknin tók til úrtaks 10.093 Íslendinga á aldrinum 18–84 ára, með skráða búsetu á Íslandi árið 2012. Alls skiluðu 6.783 einstaklingar inn útfylltum spurningalista og var þátttakan því 67%. Vakinn er athygli á því að á vef Embættis landlæknis er hægt að sækja um aðgang að


gögnum rannsóknarinnar á sérstöku [umsóknareyðublaði](#).

Þrjár myndir, sem birtast munu í viðauka með framkvæmdaskýrslunni í febrúar, má sjá í þessari útgáfu af Talnabrunni. Þær sýna allar samanburð milli ára 2007 og 2012 á hlutfalli Íslendinga, 18–79 ára, sem töldu að ákveðnir kvillar (*vöðvabólga*, *verkir í baki*, *tíðir höfuverkir*) hefðu truflað daglegt líf þeirra einhvern tímann á síðustu 12 mánuðum. Myndirnar sýna vigtuð hlutföll sem ættu að endurspeglar tíðni þessara kvilla í þýði Íslendinga innan þess aldursbils sem rannsóknin tók til.


Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni og aldursbili svarenda. Hæglega má greina kynbundinn mun hvað varðar alla kvillana þrjá. Konur voru almennt líklegri en karlar til að hafa upplifað einhvern þeirra á síðustu 12 mánuðum þannig að það truflaði daglegt líf þeirra. Þessar niðurstöður virðast líka vera óháðar aldursflokkum. Ennfremur sýna



Mynd 1. Samanburður milli ára á hlutfalli Íslendinga sem töldu vöðvabólgu hafa truflað daglegt líf þeirra einhvern tímann á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir aldri og kyni.



**Mynd 2. Samanburður milli ára á hlutfalli Íslendinga sem töldu verki í baki/herðum hafa truflað daglegt líf þeirra einhvern tímann á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir aldri og kyni.**



**Mynd 3. Samanburður milli ára á hlutfalli Íslendinga sem töldu tíða höfuðverki hafa truflað daglegt líf þeirra einhvern tímann á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir aldri og kyni.**

myndirnar aldurstengdan mun þar sem eldra fólk, óháð kyni, segist síður hafa upplifað ofangreinda kvilla þannig að þeir trufluðu þeirra daglega líf. Án þess að ályktunartölfræði hafi verið beitt má mögulega greina smávægilegan mun milli ára, bæði meðal karla og kvenna, að því leyti að hærra hlutfall fólks virðist hafa upplifað kvillana árið 2012 samanborið við árið 2007.

Þessar niðurstöður eru auðvitað aðeins örlítið brot af þeim fjölbreyttu greiningum sem gagnasafnið býður uppá að gerðar séu. Það er ósk Embættis landlæknis að þetta gagnasafn veiti Íslendingum öllum gagnlegar upplýsingar um heilsu og líðan þjóðarinnar á komandi misserum. Eins og sagt var hér að ofan verður framkvæmdaskýrsla rannsóknarinnar gefin út í febrúar 2014, ásamt viðauka með lýsandi niðurstöðum sem þó eru alls ekki tæmandi. Því er það jafnframt ósk Embættis landlæknis að sem flestir vísindamenn sjái hag í því að vinna ítarlegri greiningar á þessum mikilvægu gögnum og birta niðurstöðurnar okkur öllum til hagsbóta.

*Kristján Þór Magnússon*

## STARFSLEYFI HEILBRIGÐISSTÉTTA 2013

Embætti landlæknis gefur út starfsleyfi og sérfræðileyfi löggiltra heilbrigðisstarfsmanna sem hafa lögverndað starfsleyfi á Íslandi. Leyfin eru gefin út á grundvelli menntunar hér á landi eða erlendis. Starfs- og sérfræðileyfi þeirra sem hafa starfsleyfi á EES-svæðinu eru staðfest eftir því sem við á samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum samkvæmt EES-samningnum og tilskipun

Evrópuþingsins og Evópuráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005. Embætti landlæknis gefur einnig út vottorð fyrir þá sem hafa lögverndað starfs- eða sérfræðileyfi á Íslandi og þurfa að fá það staðfest hér á landi eða erlendis.

Í meðfylgjandi töflum má sjá fjölda útgefna almennra starfsleyfa, sérfræðileyfa og

viðurkenningu á starfsleyfum frá öðrum EES-  
ríkjum árið 2013.

Fjöldi útgefna vottorða árið 2011 var 614; árið  
2012 voru þau 559 og árið 2013 voru þau 453.

*Anna Björg Aradóttir*

*Lísa Kjartansdóttir*

Útgefin almenn starfsleyfi 2013	
Heilbrigðisstéttir	
Áfengis- og vímuefnaráðgjafar	1
Bráðataeknar	1
Félagsráðgjafar	27
Fótaaðgerðafræðingar	6
Geislafræðingar	14
Hjúkrunarfræðingar	126
Hnykkjar	2
Iðjuþjálfar	19
Lífeindafræðingar	14
Ljósmeður	10
Lyfjafræðingar	19
Lyfjataeknar	14
Læknar	61
Læknaritarar	5
Matartæknar	8
Matvælafræðingar	1
Næringarfræðingar	8
Sálfræðingar	42
Sjúkraflutningamenn	58
Sjúkraliðar	97
Sjúkrabjálfar	21
Stoðtækjafræðingar	1
Talmeinafræðingar	12
Tannlæknar	7
Tannsmiðir	4
Tanntæknar	3
Þroskaþjálfar	45
<b>Samtals</b>	<b>626</b>

Útgefin sérfræðileysi 2013	
Heilbrigðisstéttir	
Félagsráðgjafar	2
Hjúkrunarfræðingar	9
Ljósmeður	4
Læknar	33
Sálfræðingar	5
Sjúkrabjálfar	2
Tannlæknar	3
<b>Samtals</b>	<b>58</b>

Viðurkenning á starfsleyfum frá öðrum EES-ríkjum 2013	
Heilbrigðisstéttir	
Almennir læknar	25
Sérfræðilæknar	20
Hjúkrunarfræðingar	20
Tannlæknar	1
Tannlæknar með sérfræðileysi	1
Sjúkrabjálfar	6
Sjöntækjafræðingar	1
<b>Samtals</b>	<b>74</b>